

Fundur í stjórn Foreldrafélags grunnskólans miðvikudaginn 5. nóvember 2013

Mættir: Helga Guðmunds., Karin, Hólmgeir, María Valdimars., Sara Hjörleifsd.,
María Jónasar, Jóhanna María, Egill Valberg, Edda, Kristbjörg, Birgitta, Bergþór,
Guðmundur Lár. og Helga Sveins.

1. Rætt um jólaföndur. Kristbjörg kom með slatta af hugmyndum á blaði, Helga kom líka með hugmynd í poka. Rætt um áhuga hjá börnunum á föndrinu en fólk yfirleitt sammála um að þetta sé notaleg stund með foreldrum og börnum. Ákveðið að fulltrúar hvers bekkjar ákveði fyrir bekkinn hvað verður gert í hverjum bekk.
2. Kristbjörg sem sat skólanefndarfund í síðustu viku, sagði frá því að ef foreldrar vilja kvarta eða koma með ábendingar þyrfti slíkt að koma skriflega til skólanefndar.
3. Einar Gunnarsson kennari bað Kristbjörgu á skólanefndarfund, að koma því á framfæri við stjórnina að taka þátt og styðja kennara í innleiðingu nýrrar aðalnámskrár sem á að taka gildi 2016. Ákveðið að fá Einar sem bauðst til þess, að koma á fund okkar og kynna innleiðinguna.
4. Rætt um setu fulltrúa foreldrafélagsins í skólaráði. Ákveðið var að Karin skyldi mæta fyrir hönd stjórnarinnar en hún fékk ekki fundarboð á síðasta fund enda sitja fulltrúarnir frá því í fyrra ennþá. Ákveðið að Guðmundur færi á fund skólastjóra og fengi útskýringar hvers vegna ekki hafa orðið skipti á fulltrúum. Ólöf Edda Steinarsdóttir kjörin varamaður í skólaráð fyrir hönd foreldrafélagsins.
5. Ákveðið að halda næsta fund 27. nóvember í stað desemberfundar þar sem mikið er á döfinni fyrstu vikuna í desember.

Helga Sveinsdóttir, ritari